

Samtök frumkvöðla og hugvitsmanna:

Svört skýrsla um nýsköpun

Um galla nýsköpunarumhverfisins
og fordóma í garð frumkvöðla og hugvitsfólks

Formáli

Nýsköpun er ein meginstoð hvers þróaðs samfélags og drifkraftur allra framfara í verðmæta- og atvinnusköpun. Forsendur nýsköpunar eru hugvitsmenn og frumkvöðlar; einstaklingar sem leita nýrra leiða til framfara. En hugvit og framtak einstaklingsins nær skammt ef illa er að því búið í samfélaginu. Ekki þarf miklar hindranir og mótlæti til að drepa niður þann neista sem með rétttri aðhlyningu samfélagsins getur orðið að undirstaða atvinnu og hagsældar.

Stjórnámálamenn ræða stundum um mikilvægi þess að „hlú að hugviti“ og „nýta framtak hugvitsmanna“. Slíkar ræður heyrast gjarnan í aðdraganda kosninga eða í hástemmdum stefnuræðum. Ráðamenn eru fljótir að gleyma þessu mikilvæga fólki þegar þeir eru sestir á valdastólana, eins og glögg má sjá af dæmunum hér á eftir.

Staðreyndin er sú að hugvitsfólk og aðrir frumkvöðlar í nýsköpun búa við fordóma og sniðgöngu að hálfu stjórnkerfisins; einkum á efstu stigum þess. Þetta ástand er ekki nýtt, heldur hefur verið viðvarandi svo áratugum skiptir. Oft hefur verið á þetta bent af hagsmunasamtökum hugvitsfólks, en ekkert er á slíkt hlustað; hvorki af Alþingi, ráðuneytum eða öðrum. Framkoma stjórnvalda er ekki í neinu samræmi við hinar hástemmdu yfirlýsingar.

Ekki verður séð önnur ástæða fyrir þessum fordómum en sú að viðhalda forréttindum og hagsmunagæslu aðila sem hafa komið sér vel fyrir við kjötkatla ríkissjóðs og í nefndum og ráðum í skjóli stjórnvalda og halda stöðu sinni gegnum margháttuð hagsmunatengsl og rangláta lagasetningu. Hér síðar í skýrslunni er yfirlit um nokkur atriði sem lagfæra þarf í nýsköpunarumhverfinu til að jafna aðstöðu og auka skilvirkni þess fjár sem í það er látið.

Hagsmunagæsla af þessu tagi, sem beinlínis bitnar á undirstöðuaudlind samfélagsins, hlýtur að teljast eitt form spillingar. Auk þess má augljós vera sá skaði þjóðfélagsins sem hlýst af því að gagnlegar hugmyndir eru kæfðar í fæðingu vegna óvandaðra stjórnarháttanna.

Samtök frumkvöðla og hugvitsmanna eru sjálfbóðaliðasamtök í þjóðarþágu, sem gegna í grunninn þrennskonar hlutverki; að vera tenglsanet til styrkingar öllum einstaklingum sem vinna að nýsköpun; að vinna að margþættum hagsmunamálum hugvitsmanna og frumkvöðla og að beita sér fyrir úrbótum í stuðningsumhverfi nýsköpunar; hugvitsfólki og þjóðinni allri til hagsbóta. Skýrsla þessi fellur undir síðastnefnt hlutverk.

Skýrslan er send öllum sitjandi þingmönnum á Alþingi; þar með talið ráðherrum og nefndaformönnum á viðkomandi sviðum. Þess er vænst að Alþingi taki efni skýrslunnar til meðferðar, á þann hátt að úrbætur verði gerðar. SFH sendu Alþingi ábendingar árið 2011, um suma þessara galla stuðningsumhverfisins. Alþingi stakk þeim tillögum undir stól, en stjórnarmenn SFH uppskáru hrakyrði og útskúfun af hálfu stofnana stjórnkerfisins.

Skorað er á stjórnvöld og einstaka þingmenn að standa við sín fyrirheit; stöðva fordóma í stjórnkerfinu og bæta starfsumhverfi hugvitsmanna.

Valdimar Össurason, formaður SFH

I. Stjórnvöld sniðganga hugvitsfólk og frumkvöðla og meina þeim um aðkomu að ákvarðanatöku á sínu starfssviði

Frumkvöðlum og hugvitsfólki hefur einatt verið meinuð aðkoma að stefnumótun og stjórnun eigin mála gegnum hagsmunasamtök sín. Engu hefur verið sinnt um ábendingar og kvartanir; t.d. skriflegt erindi SFH til Alþingis, ráðuneyta, VT-ráðs og fleiri aðila dags 18.11.2011. Þessi sniðganga stjórnvalda í garð samtakanna hefur því verið meðvituð og markviss og haft skaðleg áhrif á nýsköpunarstarf. Hún er í andstöðu við öll yfirlýst markmið stjórnvalda á sviði nýsköpunar eins og hér verður síðar vikið að, en alvarlegra eru þó hin skaðlegu áhrif á samfélagið allt, t.d. í glötuðum tækifærum til verðmætasköpunar; slæmri nýtingu á almannafé, og jafnvel viðgang spillingar.

Nauðsynlegt er að úr verði bætt. Að því þarf Alþingi að hafa frumkvæði, bæði með mótun skýrrar stefnu í málefnum hugvitsmanna og frumkvöðla, en einnig með breytingum nokkurra laga sem beinlínis mismuna hagsmunasamtökum frumkvöðla. Hér verða nefnd nokkur dæmi um slíkt, en vænst er samstarfs Alþingis um frekari úrbætur:

1. **Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið** er æðsta framkvæmdavaldið á sviði nýsköpunar. Ráðuneytinu ber að stuðla að því að sköpunarkraftur hugvitsmanna og frumkvöðla nýtist sem best í þjóðarþágu; að stuðningsumhverfi nýsköpunar sé uppbyggt á skilvirkan of réttlátan hátt; að tryggja sem best skilvirkni og nýtingu þess fjár sem lagt er til nýsköpunar og að hindra spillingu; sérhygli og aðra skaðlega stjórnarhætti. Ráðuneytið hefur í veigamiklum atriðum brugðist þeirri skyldu, að því er varðar hugvitsmenn og frumkvöðla á frumstigum og einu hagsmunasamtök þeirra. Skulu hér tilgreind dæmi þessu til stuðnings:
 - a) Í stjórnarsáttmála núverandi ríkisstjórnar segir: „Mótuð verður heildstæð nýsköpunarstefna í nánú samráði við atvinnulífið og vísindasamfélagið“. Í ljósi þess að SFH og KVENN hafði verið meinað um aðkomu að mótun aðgerðaáætlunar í nýsköpun fyrir fáum árum og tillögur þeirra algerlega sniðgengnar, fóru félögin fram á skriflegt svar ráðuneytisins um fulla aðkomu að þessari víðtæku stefnumótun. Í skriflegu svari ráðuneytisins 19.03.2018 er heitið fullri aðkomu SFH og KVENN að þessari stefnumótun. Það loforð var svikið hálfu ári síðar, þegar ráðherra skipaði fjölmennan stýrihóp 21.09.2018. Í þeim 19 manna hópi sitja fulltrúar stjórnmalaflokka á þingi, en einnig fjöldi fólks úr ýmsum greinum samfélagsins. Ráðherra gætti þess þó vandlega að þar væri enginn fulltrúi SFH eða KVENN, og ekki er að sjá í þessum hópi neinn með reynslu og þekkingu af þeim hindrunum sem helst standa nýsköpun fyrir þrífum á fyrstu stigum. Nóg er af slíkum „reynsluboltum“ innan vébanda SFH og KVENN. Augljóst er að stjórnvöld meta það meira að viðhalda skaðlegu ójafnræði í nýsköpunarmálum en að bæta nýsköpunarumhverfið. SFH kröfðu ráðherra skýringa á þessum augljósu svikum sinna loforða, með skriflegu erindi dags 10.12.2018. Enn í dag hefur því erindi ekki verið svarað, sem er skýrt brot

á stjórnarsýslulögum. Það er reyndar fremur regla en undantekning að ráðuneyti svari ekki skriflegum erindum.

SFH og KVENN rituðu einnig formanni verkefnisstjórnar nýsköpunaráætlunar, vísuðu í loforð ráðuneytisins og kröfðust fullrar aðkomu að áætlanagerðinni.

Verkefnisstjórnin fundaði með formönnum félaganna og kom á almennan fund hjá þeim, auk þess að veita viðtöku tillögum félaganna inn í stefnumótunina. Hinsvegar var félögum synjað um frekari aðkomu að stefnumótuninni. Þeim gefst ekki kostur á því að sitja fundi stefnumótunarhópsins og ræða framkomnar tillögur og hafa enga möguleika á að hafa önnur áhrif á stefnumótunina. Í ljósi fyrri reynslu má því ætla að tillögum SFH og KVENN verði stungið í pappírstætara stjórnarráðsins, með þeim afleiðingum að nýsköpunarumhverfi hérlendis verður áfram jafn gallað og óskilvirkt og verið hefur.

b) Ráðuneytið heldur hlífiskildi yfir óeðlilegum og skaðlegum starfsháttum

Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands og annarra þeirra stofnana sem þiggja fé af fjárlögum en stunda það um leið að sækja um takmarkað fé samkeppnissjóða í skaðlegri og ósanngjarnri samkeppni við m.a. frumkvöðla og hugvitsfólk; skjólstæðinga NMÍ samkvæmt lögum nr 75/2007. Stofnanir á borð við NMÍ, Matís og fleiri þiggja mikil fjárframlög af almannafé, en sækja um leið grimmt í sjóði samkeppnissjóða. Sú „samkeppni“ er auðvitað harla ójöfn, þar sem stofnanirnar geta sýnt fram á nær ótakmarkað almannafé til mótframlags, auk fjölda ríkislaunaðra sérfræðinga til að auka trúverðugleikann; að viðbættum kunningssskap við sjóðshaldara. Við þetta keppir hinn einstaki hugvitsmaður og frumkvöðull sem vill leggja sitt af mörkum til nýsköpunar. Hann hefur oftast úr litlum sjóðum að spila til mótframlags; hann þarf að afsala sér launatekjum til að vinna að sínu verkefni; hann býr sjaldnast að þeirri sérfræðipækkingu sem samkeppnissjóðirnir krefjast og hann hefur ekki skrifstofulið til að vinna fyrir sig glæstar viðskiptaáætlanir. Enda á hann sjaldnast neina möguleika gegn þessu ósanngjarna ríkisstyrkta ofurefli. Þannig hafa þessar stofnanir lengi sölsað undir sig styrki samkeppnissjóða í skjóli stjórnvalda. SFH gerðu tilraun til að hnekkja þessari spillingu. Annarsvegar bar þingmaðurinn Helgi Hrafn Gunnarsson upp fyrirspurn á Alþingi (145.þing 2015-2016, 387.mál) um styrki sem NMÍ hefur sótt um og fengið úr samkeppnissjóðum. Svárið sýndi að á árunum 2007-2015 fékk NMÍ yfir hálfan milljarð úr hinum ýmsu samkeppnissjóðum; ýmist sem aðal- eða meðumsækjandi verkefna. NMÍ hefur það meginhlutverk að veita frumkvöðlum aðstoð við að koma verkefnum sínum í framkvæmd, samkvæmt lögum nr 75/2007. Það hlýtur því að teljast alvarlegur galli á sömu lögum, þegar NMÍ er heimilað að reka verkefni í eigin nafni eða með öðru móti standa að mismunun skjólstæðinga sinna. Fyrir liggur t.d. dæmi um það að NMÍ gerði samning við skjólstæðing um aðstoð við verkefni, og ráðlagði honum m.a. að sækja um í tiltekinn samkeppnissjóð. Blekið var vart þornað á undirskrift NMÍ þegar stofnunin hafði sjálf lagt inn umsókn vegna sinna eigin verkefna í þennan sjóð. NMÍ stóð þar betur að vígi og fékk styrki sem jafngiltu fimmtungi af ráðstöfunarfé sjóðsins en skjólstæðingnum var hafnað þó verkefnið uppfyllti öll skilyrði sjóðsins. SFH lögðu fram kvörtun til Samkeppniseftirlitsins vegna þessarar óeðlilegu samkeppnisaðstöðu ríkisstyrkts aðila. Samkeppniseftirlitið brást

skyldum sínum og vísaði kærinni frá án málefnalegra ástæðna. Í bréfi sínu 19.01.2016 varði atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið þennan yfirgang NMÍ, án þess þó að færa fram önnur rök því til stuðnings en tilvísun í hin gölluðu lög. Fleira mætti tilfæra um þá tilhneygingu ráðuneytisins til að standa fremur vörð um óeðlilega hagsmunagæslu í stuðningsumhverfinu og galla þess en hlú að framgangi nýsköpunar á frumstigum og óeigingjörnu sjálfbóðaliðastarfi sem þar er stundað.

- Vísinda- og tækniráð** hefur það hlutverk að móta heildarstefnu nýsköpunar á landinu; m.a. varðandi starfsemi stofnana og samkeppnissjóða og annað starfsumhverfi frumkvöðla og hugvitsfólks. Þrátt fyrir það eiga einu hagsmunasamtök þessa fólks; SFH og KVENN engan fulltrúa í þessu fjölmenna ráði. Stjórnvöld hafa einnig gætt þess vandlega að halda frumkvöðlum frá vísindanefnd og tækninefnd sem í raun móta stefnu nýsköpunar. Afleiðingin af þessari sniðgöngu er sú að meinbugir stuðningsumhverfisins á fyrstu stigum nýsköpunar eru ekki lagfærðir, þar sem enginn í ráðinu hefur þekkingu á þeim erfiðleikum sem steðja að hugvitsmönnum sem vilja leggja sitt að mörkum til nýsköpunar. Stefna ráðsins er sniðin að þörfum háskólasamfélagsins og starfandi fyrirtækja en tekur ekki til hindrana á frumstigum nýsköpunar. Ráðherrar hafa skipunarvald fulltrúa í VT-ráð. Gerð er krafa um að hagsmunasamtök frumkvöðla og hugvitsfólks fái sína fulltrúa í vísinda- og tækniráð án tafar. Ekki verður séð að til þess þurfi lagabreytingu, en í ljósi reynslunnar þurfa að koma skýr tilmæli frá Alþingi. Vænleg leið í því efni væri sérstök þingályktun um starfsemi og rétt hagsmunasamtaka frumkvöðla og hugvitsfólks.
- Ráðgjafarnefnd Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands.** Lög nr 75/2007 um „opinberan stuðning við tæknirannsóknir, nýsköpun og atvinnuþróun“ eru um margt meingölluð og bitna illilega á starfsemi frumkvöðla og hugvitsfólks. Tvennu er þar a.m.k. nauðsynlegt að breyta. Annarsvegar þarf að afnema heimildir Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands (NMÍ) til að reka eigin verkefni og sölsa undir sig styrki samkeppnissjóða í ójafnri samkeppni við skjólstæðinga sína, eins og nánar greinir hér í kafla IV. Hinsvegar þarf að breyta 6. grein laganna, þar sem kveðið er á um skipan ráðgjafarnefndar, sem er ráðgefandi um stefnu og starfsemi NMÍ. Samkvæmt óbreyttum lögum skulu eftirfarandi aðilar tilnefna í nefndina; Samtök iðnaðarins; Samtök atvinnulífsins; samstarfsnefnd háskólastigsins; Alþýðusamband Íslands; tækninefnd Vísinda- og tækniráðs; Verkfræðingafélag Íslands; menntamálaráðherra, og einn skipar atv-nýsk.ráðherra án tilnefningar.

Í ljósi þess hlutverks sem NMÍ er falið með framangreindum lögum varðandi stuðning við nýsköpunarverkefni hugvitsmanna og frumkvöðla verður það að teljast augljós og alvarlegur galli á lögunum að einu hagsmunasamtökum þessara aðila skuli haldið utan nefndar sem er ráðgefandi um starf stofnunarinnar. Í raun er mun ríkari ástæða fyrir aðkomu þeirra en nokkurra þeirra sem nú hafa tilnefningarvald í ráðgjafanefndina.

Breyta þarf 6.gr laga nr 75/2007 til að tryggja hagsmunasamtökum frumkvöðla sinn eðlilega rétt. Sjá nánar í tillögum hér á eftir.

Aðrar nefndir og ráð á sviði nýsköpunar. Sama á við um allar aðrar nefndir og ráð sem móta stefnu og starf stofnana á sviði nýsköpunar. Alls staðar vantar fulltrúa og rödd frumkvöðla og hugvitsfólks, þó á vettvangi slíks starfs séu teknar ákvarðanir sem varða hagsmuni þess. Má líkja þessu við það að þjóð sé kúguð af erlendu valdi og njóti einskis sjálfræðis um sín hagsmunamál. Meðal þess sem breyta þarf er eftirfarandi:

a) **Stjórn Tækniþróunarsjóðs** er, skv. 12.gr laga nr 75/2007, skipuð sjö mönnum sem eftirfarandi aðilar tilnefna: 2 af samtökum atvinnulífsins; 1 af tækninefnd Vísinda- og tækniráðs; 1 af landbúnaðarráðherra; 1 af sjávarútvegsráðherra; 1 af Samtökum iðnaðarins, en ráðherra skipar einn án tilnefningar. Augljóst er að hér vantar fulltrúa hagsmunasamtaka frumkvöðla og hugvitsfólks, enda eru verkefni frumkvöðla alfarið háð starfsemi TPS. Breyta þarf 12.gr laga nr 75/2007.

b) **Fagráð Tækniþróunarsjóðs** skipa 43 einstaklingar sem, samkvæmt 13.gr laga nr 75/2007, eru skipaðir af Vísinda- og tækniráði. Hvergi eru augsýnilegri fordómar stjórnvalda í garð einu hagsmunasamtaka frumkvöðla og hugvitsfólks, en enginn þessara 43 einstaklinga kemur úr röðum SFH eða KVENN, þrátt fyrir að þeir ráði örlögum allra frumkvöðlaverkefna á landinu. Ábyrgð á skipun þessara aðila er alfarið á herðum ríkisstjórnar Íslands, en forsætisráðherra er formaður VT-ráðs. Verði ekki þegar í stað ráðin bót á þessari sniðgöngu má ljóst vera að stjórnvöld hafa einarðan vilja til að sniðganga hugvitsmenn áfram en engan vilja til að nýta framlag þeirra. Úrræði í þessum lið er alfarið á hendi ríkissjórnar Íslands gegnum VT-ráð.

c) **Stjórn Rannsóknasjóðs og Innviðasjóðs** er skipuð 5 mönnum samkv lögum nr 3/2003, mestmegnis að geðþótta ráðherra, en einn eftir tilnefningu VT-ráðs. Hér eins og annarsstaðar hefur sniðganga SFH og KVENN verið algjör; einu hagsmunasamtök einstaklinga í hugvits- og frumkvöðlastarfi eiga engan fulltrúa. Þeir eru þó t.d. mjög háðir því að starfsemi Innviðasjóðs verði með eðlilegum hætti, en þar mætti ýmislegt laga. Það er okkar þjóðfélagi til mikils vansa að sniðganga hugvitsfólk og frumkvöðla með þeim hætti sem verið hefur.

Það er alfarið í hendi mennta- og menningarmálaráðherra að bæta úr þessum lið.

d) **Samráðsvettvangur um aukna hagsæld** og á móta starfshópar sem stjórnvöld hafa sett á fót um samfélagsþróun sem byggir verulega á frumkvöðlastarfi. Gengið er algerlega framhjá hagsmunasamtökum frumkvöðla og hugvitsmanna. Dæmi um fordóma í garð samtakanna er svonefndur „**Hátækni- og sprotavettvangur**“ sem stofnaður var af Samtökum iðnaðarins og undirfélaga þess og starfaði í mörg ár. SI fengu til liðs við sig fulltrúa margra ráðuneyta og helstu stofnana, s.s. Rannís, en SFH og KVENN var synjað um inntöku í þann leyniklúbb. Slíkt pukur stjórnvalda með einu iðnaðarmannafélagi geta á engan hátt talist lýðræðisleg vinnubrögð.

Hér hafa verið nefndar nokkrar lykilstofnanir stuðningsumhverfis frumkvöðla, en sama gildir um aðrar: allsstaðar er hugvitsmönnum meinað að koma að mótun stefnu og vinnulags. Afleiðing þessarar sniðgöngu er m.a. óskilvirkt stuðningsumhverfi.

4. **Óeðlileg og skaðleg mismunun félagasamtaka.** Athyglisvert er að bera saman viðhorf stjórnvalda til Samtaka iðnaðarins (SI) annars vegar og SFH og KVENN hinsvegar. Samtök iðnaðarins er samsteypa nokkurra iðnaðarmannafélaga; hagsmunasamtök starfandi fyrirtækja. Samtökin hafa beitt sér í ýmsum málefnum á sviði nýsköpunar; sumpart á almennum grunni en einkum í ljósi hagsmuna sinna aðildarfélagana. Stjórnvöld hafa hampað mjög Samtökum iðnaðarins og undantekningarlaust tryggt þeim aðkomu að allri stefnumótun á sviði nýsköpunar. Þau hafa jafnvel þjónustað SI sérstaklega með því að fulltrúar ráðuneyta hafa setið í lokuðum hópi SI um mótun frumkvöðlaumhverfisins; svonefndum „Hátækni- og sprotavettvangi“. Þannig virðast stjórnvöld á síðari árum hafa falið SI, ásamt háskólum og fáeinum stofnunum, alla mótun stuðningsumhverfis frumkvöðla. Á sama tíma hafa stjórnvöld markvisst og meðvitað haldið frumkvöðlunum sjálfum frá stefnumótun um eigin málefni, með því að meina SFH og KVENN um aðild að öllum nefndum ráðum og stefnumótunarhópum. Samtök iðnaðarins eiga sína fulltrúa í öllum þeim stjórnnum, nefndum og ráðum sem að framan var getið; í sumum þeirra er aðild SI lögbundin. Samtök iðnaðarins eru, eins og fyrr sagði, félagsskapur 1.400 iðnfyrirtækja í rekstri en ekki einstaklinga; félagsskapur sem innheimtir aðildargjöld starfandi fyrirtækja. SFH og KVENN eru hinsvegar félög á einstaklingsgrundvelli, með um 320 skráða félagsmenn. Ekki er unnt að innheimta félagsgjöld, þar sem sá sem er að hefja frumkvöðlastarf er alls ekki aflögufær. Félögin verða því að byggja vinnu sína á sjálfböðastarfi, og vænta framlaga stjórnvalda. Stefnumótun í nýsköpun og stofnanaumhverfi nýsköpunar er mótað af þessari sniðgöngu og mismunun. Þannig hafa starfandi fyrirtæki átt greiða leið gegnum SI og Samtök atvinnulífsins, sem einnig njóta velvildar stjórnvalda við skipanir í nefndir og ráð. Hinsvegar er stuðningshverfið nánast í kaldakoli hvað varðar stuðning við nýsköpun á fyrstu stigum og hvatningu til frumkvöðlastarfs. Samtökum einstaklinga í frumkvöðlastarfi og nýtingu hugvits er mismunað í öllum ráðstöfunum og gerðum stjórnvalda; jafnt á sviði lagasetningar; eðlilegs stuðnings við rekstur mikilvægs grasrótarstarfs sem í viðhorfum ráðuneytis og helstu stofnana á sviði nýsköpunar.

Þessi mismunun og sniðganga stjórnvalda í garð hugvitsmanna og frumkvöðla er ekki einungis andstæð öllum jafnréttisgildum okkar samfélags og ákvæðum stjórnarskrár þar um; heldur er hún einnig skaðleg þjóðarhag. Mismunun af þessu tagi er einnig andstæð fyrirheitum stjórnvalda um nýtingu þeirrar þjóðarauðlindar sem er framlag hugvitsmanna og frumkvöðla.

II. Stjórnvöld fjársvelta hagsmunasamtök hugvitsfólks sem gegna mikilvægu hlutverki á sviði nýsköpunar

Úr stjórnarsáttmála ríkisstjórnar Íslands:

„Nýsköpun og hverskonar hagnýting hugvits er mikilvæg forsenda fjölbreytts atvinnulífs, sterkrar samkeppnisstöðu, hagvaxtar og velferðar þjóða“.

„Frjáls félagasamtök gegna lykilhlutverki á fjölbreyttum málavíðum sem mikilvægt er að styðja við“.

Þessi fyrirheit eru gamalkunnugt stef sem allar ríkisstjórnir hafa viðhaft í stefnuýfirlýsingum, hátiðarræðum og á kosningafundum svo áratugum skiptir. Hingað til hefur þessi lofsöngur stjórnvalda hinsvegar reynst næsta innantómt hjál. Því til sönnunar er rétt að líta á aðbúnað stjórnvalda að hagsmunasamtökum þess hugvitsfólks sem svo fagurlega er kveðið um í fyrri tilvitnuninni hér að ofan:

Raunveruleikinn:

Samtök frumkvöðla og hugvitsmanna og KVENN eru tengslanet frumkvöðla og hugvitsfólks; einu hagsmunasamtök einstaklinga á því sviði, með yfir 320 félagsmenn á skrá og mun fleiri áhugamenn. Félögin eru lýðræðislega uppbyggð; þriggja manna stjórn með þremur til vara er kosin á árlegum aðalfundi. Félagsgjöld eru ekki innheimt, enda veitir hugvitsmanninum ekki af hverri einustu krónu til að framfleyta sér og sínu verkefni í því harðindaumhverfi sem stjórnvöld skapa einstaklingum í nýsköpun. Þar er mest hlaðið undir verkefni stofnana og starfandi fyrirtækja meðan hugvitsmenn sitja á hakanum.

Verkefni SFH og KVENN eru margvísleg. Þau eru öll unnin í sjálfböðavinnu félagsmanna en eins og sjá má á upptalningunni hér á eftir er ýmislegt sem kallar á kostnað og útgjöld þó gætt sé ítrasta sparnaðar. Þar sem ekki eru innheimt félagsgjöld lenda þessi útgjöld óhjákvæmilega á stjórnarmönnum félaganna; að því marki sem ekki fæst styrkur til rekstrarins. Hér er hinsvegar um mikilvægt samfélagsstarf að ræða sem stjórnvöldum ber ótvíræð skylda til að styðja. Skortur á þeim stuðningi er ekki einungis brot á tilvitnuðum loforðum stjórnvalda hér að ofan, heldur samfélagsmeið. Hér verða nefnd nokkur verkefni:

1. **Tengslanet.** Mikilvægasta verkefnið er tengslanetið sjálft, þar sem þekkingu og reynslu er miðlað milli félagsmanna. Þeir sem hafa reynslu og þekkingu miðla henni til þeirra sem eru að hefja verkefni eða skortir aðstoð á tilteknum sviðum.
2. **Skrifstofa.** Félögin reka skrifstofu að Sigtúni 42, með funda- og ráðstefnuaðstöðu.
3. **Fræðsla, kynningar og áhugaefling.** Mánaðarlega að vetrarlagi er skipulagður viðburður sem opinn er öllum félagsmönnum. Þar getur verið um að ræða fræðsluerindi um efni sem nýtist frumkvöðlum, s.s. stofnun og rekstur fyrirtækja; verkefnastjórnun; kynning á stuðningsúrræðum; einkaleyfamál o.fl. Eða kynning á einstökum frumkvöðlaverkefnum annaðhvort með fyrirlestrum eða heimsóknum í starfandi nýsköpunarfyrirtæki.
4. **Kynningar og sýningar á verkefnum félagsmanna.** Þáttur kynningar á verkefnum félagsmanna hefur ávallt verði fyrirferðarmikill liður og hefur Elinóra Inga

Sigurðardóttir formaður KVENN verið þar í fararbroddi. Hún hélt úti mörg hundruð þáttum um frumkvöðla á ÍNN um árabil; hún hefur skipulagt árlega ferðir frumkvöðla á kynningar og sýningar erlendis, þar sem íslensk verkefni hafa hlotið miklar viðurkenningar, og hún hefur staðið fyrir sýningum hugvitsmanna og frumkvöðlaráðstefnum hérlendis.

5. **Aðild að Alþjóðasamtökum hugvitsfélaga.** Elinóra Sigurðardóttir situr í stjórn Alþjóðasamtaka hugvitsfélaga -IFIA- fyrir hönd Íslands, en félögin eru þar aðilar; einu hugvitsmannasamtökin á heimsvísu sem ekki njóta stuðnings stjórnvalda í heimalandinu.
6. **Úrbætur í stuðningsumhverfinu.** Eitt veigamesta verkefni SFH og KVENN er þó ótalið, en það er að beita sér fyrir úrbótum á stuðningsumhverfi nýsköpunar og vinna að því að framlag hugvitsmanna og frumkvöðla nýtist sem best í þjóðarþágu. Má fullyrða að félögin vinni ötullugar að ofangreindum stefnumiðum stjórnvalda en þau sjálf, þrátt fyrir ömurlegan aðbúnað frá hendi stjórnvalda.
7. **Áhugaefling innan skólakerfisins.** SFH og KVENN hafa sinnt þessum þætti eftir því sem stuðningur stjórnvalda hefur leyft. T.d. með fyrirlestrum innan framhaldsskóla og háskóla. Þá má minna á að Nýsköpunarkeppni grunnskólanna á uppruna sinn hjá forvera SFH; Landssambandi hugvitsmanna. Ekki þarf að fara mörgum orðum um gagnsemi þess fyrir áhugaeflingu á nýsköpun og raungreinum ef SFH og KVENN væri gert kleyft að stunda reglulegar heimsóknir í skóla, þar sem starfandi hugvitsfólk kynnti verkefnisins og reyndu að efla áhuga á nýsköpun. Þetta hafa félögin boðist til að gera, en stjórnvöld svarað með skerðingu styrkfjár til félaganna.
8. **Samstarfsverkefni við ÖBÍ og Þroskahjálp.** SFH og KVENN hafa hafið viðræður við Öryrkjabandalag Íslands og Landssamtökin Þroskahjálp um fyrirkomulag ráðgjafarstarfs sem miðar að því að auðvelda aðkomu fatlaðs fólks að nýsköpunarverkefnum og veita því ráðgjöf við eigin nýsköpunarverkefni. Þessi þáttur getur orðið mikilvægur þáttur í aukinni atvinnuþátttöku fatlaðs fólks.
9. **Undirbúningur íslensks science centers.** Í hálfan annan áratug hafa SFH og forveri þeirra, landssamtökin Átak, unnið að undirbúningi þess að hérlendis verði stofnað science center eða það sem kalla mætti tæknimiðstöð. Slík setur eru starfandi í öllum okkar samanburðar- og grannlöndum, og gegna þar mikilvægu hlutverki við áhugaeflingu, bæði á sviði raungreinafræðslu og nýsköpunarþátttöku. Augljóslega má rekja slakan árangur íslenskra nemenda í tæknilæsi og fleiri þætti til skorts á slíku setri. Á vegum Átaks var skilað tveimur áfangaskýrslum um undirbúningsstarfið til stjórnvalda; m.a. úttekt sem Kennaraháskólinn gerði árið 2007 og eindregið lagði til að slíkt setur yrði stofnað. Forráðamenn Átaks og SFH hafa kynnt sér starfsemi slíkra setra erlendis; farið í kynningarferðir; efnt til tengsla og fengið sérfræðinga hingað á málþing. Áhugaleysi stjórnvalda á málinu hefur hingað til verið algert og skaðlegt.
10. **Varðveisla menningararfs.** Félögin hafa lengi haft á sinni stefnuskrá að koma á fót safni til varðveislu hinna mörgu frumgerða og annars starfs íslenskra hugvitsmanna. Það er þjóðarskömm að engin viðleitni hefur verið í þessa veru og það áhugaleysi stjórnvalda sem ríkt hefur. Meðan aðrar þjóðir telja það sína frumskyldu að varðveita verk hugvitsmanna, og hluta af sínum menningararfi, eru verk íslenskra hugvitsmanna haugamatur; að því er virðist vegna rótgröinna fordóma stjórnvalda í þeirra garð. Félögin hafa einnig vilja til að standa fyrir sagnaritun í þessu efni, en störf íslenskra hugvitsmanna hafa hingað til fallið í gleymiskunnar dá.

Margt fleira mætti nefna af fjölbreyttu starfi SFH og KVENN. En hvernig skyldu stjórnvöld launa þetta fórnfúsa starf sjálfboðaliða?

Skrúfað fyrir rekstrarstyrki. SFH fengu styrk af fjárlögum ársins 2011, kr 1.000.000 en höfðu þá engan stuðning hlotið, allt frá stofnun samtakanna árið 2008. Ekkert fékkst árið 2012, en árið 2013 fengu samtökin kr 1.500.000 af ráðstöfunarfé atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis, í ráðherratið Steingríms J. Sigfússonar. Eftir það hófu stjórnvöld að þjarma að samtökunum með markvissum niðurskurði sem endaði í algeru fjársveldi. Framlagið var skorið niður um helming árið 2014, í 750.000; sama upphæð árið 2015; aftur skorið niður í 500.000 árið 2016 og í 300.000 árið 2017. Eftir það skrúfaði atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið alfarið fyrir rekstrarstyrki til SFH og KVENN. Staðfest var með bréfi ráðuneytisins 27.02.2019 að þaðan gætu félögin ekki lengur vænst styrkja.

Staðan er því sú að stjórnvöld hafa alfarið skorið niður alla styrki til einu hagsmunasamtaka einstaklinga í hugvits- og frumkvöðlastarfi hérlendis.

Sú staðreynd er ekki aðeins í andstöðu við yfirlýst markmið stjórnarsáttmála þessarar ríkisstjórnar og fyrri ríkisstjórna, heldur er fjársveldið aðför að grunnstoðum nýsköpunar.

Í ljósi þess að ráðuneyti nýsköpunar hefur nú alfarið synjað SFH og KVENN um styrki til starfsemi þessara mikilvægu samtaka vænta SFH og KVENN þess að Alþingi sjái þeim fyrir árlegu framlagi af fjárlögum. Félögin munu því fljótlega beina slíkri beiðni til fjárlaganefndar Alþingis og vænta stuðnings við hana frá öllum þingmönnum.

III. Gallar í stuðningsumhverfi nýsköpunar hindra fulla skilvirkni og hámarksnýtingu almannafjár

Enginn þekkir betur en hugvitsmenn og frumkvöðlar þá galla sem hrjá stofnaumhverfi nýsköpunar. Þeir þekkja af biturri reynslu þá veggi sem verða verkefnum þeirra að falli; þá fordóma sem þeir mæta í umhverfinu; og viljaleysi stjórnvalda til að rétta hlut lítilsmagnans þegar á honum er brotið.

Meðan fram heldur þeirri sniðgöngu og lítilsvirðingu í garð hugvitsmanna og frumkvöðla sem hér hefur verið lýst er engin von til þess að stuðningsumhverfið verði aðgengilegt og hvetjandi fyrir nýsköpun.

Samtök frumkvöðla og hugvitsfólks hafa áður reynt að koma á framfæri ábendingum og athugasemdum um galla stuðningsumhverfisins. Hagsmunaaðilar innan kerfisins, sem komið hafa sér vel fyrir í stjórnkerfi og veitingu almannafjár, hafa einatt brugðist hart við slíkum tilburðum. Dæmi um það eru viðbrögð forstjóra Rannís við ábendingum SFH hinn 18.10.2011, en þá birti hann pistil á vefsíðu Rannís þar sem hann reyndi að afflytja erindi SFH og kasta rýrð á stjórnarmenn félaganna. Hið aðfinnsluverða stjórnkerfi brást við til varnar. SFH var synjað um aðild að hinum lokaða klúbbi SI með ráðuneytum; áður nefndum „Hátækni- og sprotavettvangi“; og ráðuneyti nýsköpunar gekk jafnvel harðar fram í sniðgöngu sinni en áður, með því m.a. að skera niður og að lokum svipta SFH og KVENN öllum rekstrarstyrkjum. Fleiri dæmi mætti nefna um óeðlileg viðbrögð stjórnkerfisins við gagnrýni á hið meingallaða og óskilvirka stuðningsumhverfi nýsköpunar. Í stað þess að bæta úr göllunum er reynt að þagga niður í þolendunum og þeim sem benda á gallana. Líkur benda til að stjórnarmenn SFH og KVENN hafi verið látnir gjalda fyrir þessar ábendingar með því að verkefni þeirra hafi ekki fengið sanngjarna meðferð í stuðningsumhverfi nýsköpunar eða í umsóknum um störf innan stuðningsumhverfisins. Vegna ógagnsæis kerfisins er hinsvegar erftitt að sanna slíkt á annan hátt en benda á stöðuna eins og hún er.

Vinsælt er að slá allar aðfinnslur frumkvöðla og hugvitsfólks út af borðinu með þeirri fullyrðingu að þau vilji veita fé til allra verkefna og geri sér ekki grein fyrir takmörkunum þess fjár sem til úthlutunar er. Staðreyndin er sú að enginn gerir sér betur grein fyrir takmörkuðu fé til nýsköpunar en frumkvöðlar sem fást við nýsköpunarverkefni. Það er ekki markmið SFH að hvetja til meiri útgjalda til nýsköpunar en eðlilegt er, t.d. með samanburði við samkeppnislönd. Hinsvegar vilja samtökin að það fé sé nýtt sem allra best í þágu vænlegra verkefna, en misfarist ekki vegna galla stuðningsumhverfisins; óeðlilegrar hagsmunagæslu og óskilvirkra stofnana.

Hér verða nefnd nokkur atriði sem stjórnvöld þurfa að laga, varðandi hina mörgu galla stuðningsumhverfisins. Hafa þarf í huga að hér er alls ekki um neinn tæmandi lista að ræða. Mörg þessara atriða eru meðal úrbótatillagna sem SFH hafa áður lagt fram og barist fyrir. Sum þeirra voru sent stýrihópi um mótun nýsköpunarstefnu; hópi sem hugvitsmönnum og frumkvöðlum er meinað um aðgöngu.

IV. Úrræði sem stjórnvöld þurfa að grípa til

1. Úrræði á valdi Alþingis:

- a) Þingsályktun um starfsemi frumkvöðlafélaga og nýtingu framlags hugvitsfólks. Lögð verði fram tillaga til þingsályktunar um starfsemi hagsmunasamtaka einstaklinga í hugvits- og frumkvöðlastarfsemi. Þar verði staðfest mikilvægi slíkra lýðræðislegra samtaka fyrir þjóðarhag, nefndir helstu þættir starfseminnar og því beint til nýsköpunarráðherra að tryggja starfsgrundvöll samtakanna og aðild þeirra að stjórnun og stefnumótun á sviði nýsköpunar.
- b) Fjárlög. Alþingi tryggi SFH og KVENN árlegt framlag af fjárlögum sem nægi til að standa undir nauðsynlegum útgjöldum félaganna. Enga slíka aðstoð er að fá frá viðkomandi ráðuneyti, eins og það sjálft hefur staðfest. Fjárförf félaganna er háð umfangi starfseminnar hverju sinni.
- c) Lög nr 2/2003 um Vísinda- og tækniráð. Breyta þarf 3.gr laganna, þar sem kveðið er á um skipan í ráðið, á þann hátt að tryggja Samtökum frumkvöðla og hugvitsmanna og KVENN að lágmarki sinn fulltrúann hvoru í ráðinu.
- d) Lög nr 75/2007 um „opinberan stuðning við tæknirannsóknir, nýsköpun og atvinnuþróun“. Afnumin verði úr lögnum grein nr 7, sem heimilar NMÍ að stofna og reka verkefni og fyrirtæki. Eins og rökstutt var hér að framan er lík heimild á engan hátt samrýmanleg því meginhlutverki NMÍ sem er að veita frumkvöðlum óháða og trúverðuga ráðgjöf við rekstur frumkvöðlaverkefna sinna. NMÍ getur á engan hátt talist trúverðugur og óháður ráðgjafi meðan stofnunin gengur gegn hagsmunum skjólstæðingum sinna með því að keppa við þá á ósanngjörnum grundvelli um takmarkað fé samkeppnissjóða. Með styrkumsóknum sínum misbeitir NMÍ almannafé, þar sem það er nýtt til að standa undir mótframlögum styrkja. Alþingi ber að standa vörð um hagsmuni einstaklinga gegn slíkum yfirgangi stofnana. Enga þörf ber til þess að NMÍ reki eigin fyrirtæki og verkefni af þessu tagi. Slíkt er betur komið í höndum frumkvöðlanna sjálfra. Á sama hátt verði afnumdar allar heimildir stofnana sem þiggja framlög af almannafé til að drýgja tekjur sínar með umsóknum í samkeppnissjóði.
- e) Lög nr 75/2007 um „opinberan stuðning við tæknirannsóknir, nýsköpun og atvinnuþróun“. Breyta þarf 6.gr laganna á þann hátt að tryggja Samtökum frumkvöðla og hugvitsmanna og KVENN sinn fulltrúann hvoru í ráðgjafarnefnd Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands.
- f) Lög nr 75/2007 um „opinberan stuðning við tæknirannsóknir, nýsköpun og atvinnuþróun“. Breyta þarf 12.gr laganna til að tryggja Samtökum frumkvöðla og hugvitsmanna og KVENN fulltrúa í stjórn Tæknipróunarsjóðs.
- g) Lög nr Lög nr 75/2007 um „opinberan stuðning við tæknirannsóknir, nýsköpun og atvinnuþróun“. Bætt verði inn ákvæði um frumkvöðlasetur. Frumkvöðlasetur gegna ómetanlegu hlutverki í eflingu nýsköpunar og eru frumkvöðlum mikilvægur vettvangur við þróun verkefna sinna; einkum á fyrstu stigum. Það er því mikill galli á öllu frumkvöðlaumhverfi að hvergi í lögum er minnst á starfrækslu þeirra og stjórnvöld eru fálát um þennan þátt. Þvert á móti hafa stjórnvöld unnið að

niðurrifi þessa þáttar nýlega, með því að selja (eða gefa) einkaaðilum hús það sem þjóðin fékk að gjöf á Keflavíkurflugvelli og stjórnvöld höfðu lofað frumkvöðlum sem aðstöðu. Öllum frumkvöðlum hefur nú verið kastað úr því húsi án þess að annað úrræði sé í boði. Sú aðgerð, undir stjórn fjármálaráðuneytisins (Kadeco), er stjórnvöldum til minnkunar og skaðleg fyrir nýsköpun. Í 4.gr laga nr 75/2007 um hlutverk Nýsköpunar segir að NMÍ skuli starfrækja frumkvöðlamiðstöðvar. Þar er þó ekkert annað að finna um slík fyrirbæri. NMÍ hefur staðið að stofnun fab-lab setra; fündurstofa sem geta gagnast á þröngu sviði nýsköpunar en geta alls ekki talist fullnægjandi frumkvöðlasetur.

Bæta þarf sérstökum kafla inn í lög nr 75/2007 um frumkvöðlasetur. Þar verði starfsemi þeirra lýst; umsjón; kostun og fleiru. Eðlilegast er að rekstur slíkra stöðva verði samvinnuverkefni ríkisins og vistunarsveitarfélags eða byggðasamlags. Meðan stjórnvöld leggja ekki fé til frumkvöðlasetra er lítil alvara í stuðningsyfirlýsingum þeirra varðandi nýsköpun. (Sjá 3.j)

- h) Lög nr 3/2003 um opinberan stuðning við vísindarannsóknir. Lögunum verði breytt á þann hátt að Innviðasjóður verði skilinn frá Rannsóknasjóði og reglum um starfsemi hans breytt. Innviðasjóður er ekki síður nauðsynlegur almennum frumkvöðlum en háskólasamfélaginu. Öll tækniþróun er háð tækjum og búnaði, og stuðningur við aðgengi og kaup á slíku hefur staðið eðlilegri þróun fyrir þrifum. Veitt verði auknu fé til Innviðasjóðs og reglum hans breytt í því skyni að hann styðji nauðsynleg tækjakaup almennra frumkvöðla ekki síður en tækjakaup stofnana og háskóla. Hafa þarf í huga að styrki annarra sjóða, t.d. Tækniþr.sjóðs, er óheimilt að nota til tækjakaupa. Vel væri hugsanlegt að tengja Innviðasjóð frumkvöðlasetrum (sjá síðasta lið).
- i) Lög nr 87/2003 um Orkutofnun (og Orkusjóð). Nauðsynlegt er að Alþingi leiðrétti mistök sem gerð voru 2014, með breytingu á 8.gr laganna. Fyrir mistök var tekið út ákvæði um það mikilvæga hlutverk Orkusjóðs að styrkja þróun nýrrar orkutækni, þegar ætlunin var einungis að taka úr úrelt ákvæði um veitingu áhættulána. Eftir þessa breytingu hefur Orkusjóður ekki veitt styrki til þróunar nýrrar orkutækni. Alþingi hefur daufheyrst við öllum tilmælum um leiðréttingu þessara mistaka, sem hafa skaðað nýsköpun orkutækni.
- j) Lög nr 70/2012 um loftslagsmál (Loftslagssjóð). Nauðsynlegt er að þær breytingar verði gerðar á 29.-32.gr laganna sem nú er unnið að í umhverfisráðuneytinu, og varða Loftslagssjóð; þannig að honum verði einungis ætlað að styðja verkefni sem stuðla að markmiðum 10.gr Parísarsáttmálans um tækniþróun til hnatrænna lausna í loftslagsmálum, auk fræðslu, en ekki önnur loftslagsverkefni. Verkefni sem miða að innlendum samdrætti í losun þarf að fjármagna á annan hátt.
- k) Stjórnsýslulög nr 37/1993. Afnumið verði undanþáguákvæði í 21.gr laganna, þar sem segir að stjórnvaldi sé ekki skylt að rökstyðja afgreiðslu sína á „veitingu styrkja á sviði lista, menningar eða vísinda“. Undanþáguákvæðið er óskiljanleg rökleysa, sem í raun veitir stofnunum stuðningsumhverfis nýsköpunar heimild og skálkaskjól til geðþóttaákvæðana og mismununar við útteilingu almannaþjóf. Ákvæðið stuðlar að óskilvirkni í nýsköpun. Umsækjandi sem fær synjun á umsókn sinni til samkeppnissjóðs þarf að sæta því að fá engar eða villandi og ósamhljóða skýringar á synjuninni. Að óbreyttum lögum er honum meinað um svör við spurningum sínum og athugasemdum. Að óbreyttu er um algert og óviðunandi

réttleysi að ræða. Vissulega verða þeir jafnan óánægðir sem fá höfnun samkeppnissjóðs, en óánægjan er þeim mun minni sem afgreiðslan er vandaðri; ferlið gegnsærra, og einkunnagjöf umsóknarinnar nákvæmari og rökstuddari. Ef vandað er til verka er óþarft að óttast það að með þessari rýmkun laganna verði opnað fyrir óviðráðanlegt flóð kvartana. Hér væri mjög athugandi að stofna „úrskurðarnefnd nýsköpunarmála“, sem létt gæti álagi af annarri stjórnarsýslu.

- l) Þingsályktun um tæknimiðstöð (science center). Lögð verði fram þingsályktunartillaga um undirbúning að stofnun íslenskrar tæknimiðstöðvar (science center), í líkingu við slík setur erlendis. Ísland er eina ríkið meðal þróaðra ríkja heims sem ekki starfrækir eitt einasta science center til áhugæfingar um frumkvöðlastarf og sem lið í raungreinakennslu. Í öllum viðmiðunarlöndum okkar gegna slíkar vísindamiðstöðvar veigamiklu hlutverki og þykja ómissandi. Ekki leikur nokkur vafi á því að í þessari vöntun er að leita a.m.k. hluta skýringa á slakri frammistöðu íslenskra nemenda í tæknilæsi í pisa-könnunum. SFH hafa lengi bent á nauðsyn þess að hérlendis verði komið á fót vísindamiðstöð, og unnu á árum áður nokkrar undirbúningsskýrslur í því efni, sem skilað var til Alþingis og menntamálaráðuneytis. Miðstöð af þessu tagi myndi fara ágætlega saman við íslenskt tæknisafn, en hvergi á landinu er haldið utanum verk íslenskra hugvitsmanna. Einnig gæti þar fallið inn í sá vísir að íslensku tölvusafni sem varðveittur er á vegum SFH. SFH eru reiðubúin að vinna áfram að undirbúningi tæknimiðstöðvar, verði þeim tryggð áframhaldandi lífsskilyrði.

2. Úrræði á valdsviði ráðherra nýsköpunar:

- a) Skipan í nefndir, ráð og starfshópa. Ráðherra skipi fulltrúa SFH og KVENN undantekningarlaust í nefndir, stýrihópa og ráð þar sem fjallað er um stefnumótun og stjórnun á málavæðingum félaganna eða nýsköpun almennt. Sér í lagi verði þessa gætt við skipun í nefndir og starfshópa sem móta stefnu á sviði nýsköpunar.
- b) Skipan í stjórnir nýsköpunarstofnana. Ráðherra skipi fulltrúa SFH og KVENN í stjórnir stofnana á sviði nýsköpunar þar sem hann ræður mönnun og þar sem félögunum er ekki á annan hátt tryggð seta.
- c) Samstarfssamningur. Ráðherra taki upp viðræður við SFH og KVENN sem miði að því að kanna grundvöll samstarfssamnings um verkefni sem SFH og KVENN sinna þegar í þágu nýsköpunar, auk frekari verkefna sem þau gætu tekið að sér.
- d) Lagasetning og stefnumótun. Ráðherra tryggi það við alla stefnumótun og lagasetningu ríkisstjórnar á sviði nýsköpunar að lögð sé áhersla á mikilvægi og eflingu starfs hagsmunasamtaka einstaklinga sem vinna að nýsköpun.
- e) Erindum sé svarað. Ráðherra svari skriflegum erindum í samræmi við stjórnarsýslulög, án þess að leita þurfi ítrekað aðstoðar umboðsmanns Alþingis. Dæmi um óviðunandi vinnubrögð er erindi SFH frá 10.12.2018 þar sem óskað er skýringa á sniðgöngu SFH við skipan í stýrihóp um mótun nýsköpunarstefnu. Því erindi er enn ósvarað.

3. Úrræði á valdsviði Alþingis og framkvæmdavalds í sameiningu:

- a) Aukin samfella í verkefnastuðningi. Greina þarf úrræði til að tryggja stórauðna samfellu í stuðningi við nýsköpunarverkefni. Staðan í dag er sú að þó verkefnum sé hjálpað af stað með stuðningi er engin trygging fyrir því að sú aðstoð endist til að klára verkefnið til loka, þó það standi fyllilega undir væntingum sem raunhæft er að gera til þess. Einkum á þetta við um verkefni sem í eðli sínu þurfa langan tíma til vinnslu. Þetta verður til þess að verkefni sem ekki eru á vegum stofnana, háskóla eða fjársterkra aðila eiga á hættu að stuðningur samkeppnissjóða hætti í miðju ferli, t.d. eftir að 2-3 ára stuðningi TPS sleppir, með þeim afleiðingum að það eyðileggst þó vel gangi faglega. Um leið tapast ekki einungis það fé sem lagt hefur verið í verkefnið, og mannauður; heldur einnig það styrkfé sem það hefur áður notið, ásamt þeim möguleikum sem það hefur í för með sér til atvinnu- og verðmætasköpunar. Þessi galli háir stuðningsumhverfinu mjög. Úrbætur felast einkum í breyttu verklagi samkeppnissjóða, en líklega þarf einhverja tilstuðlan Alþingis.
- b) Mótframlagskröfur rýmkaðar; stuðningsúrræði verði eflað og samræmd. Endurskoða þarf öll stuðningsúrræði samkeppnissjóða með það fyrir augum annarsvegar að afnema mótframlagskröfur þar sem það er unnt; einkum á fyrstu stigum nýsköpunar. Hinsvegar þarf að sjá til þess að stuðningsúrræði styðji hvert annað betur en nú er, þannig að verkefni sem að öðru jöfnu á rétt á stuðningi eins sjóðs geti leitað eftir fjármögnun mótframlags úr öðrum sjóði. Slíkt er fyllilega heimilt samkvæmt t.d. sjóðum Rannís, en hinsvegar er skipulag sjóðakerfisins þannig að skortur er á samkeppnissjóðum. Mestallt viðbótarfjármagn til samkeppnissjóða á síðustu árum hefur runnið til sjóða Rannís, en um leið hafa úrræði verið afnumin sem nýst gætu til mótframlags. Er þar skemmst að minnast þess að með lagabreytingu árið 2014 var Orkusjóði nánast gert ókleyft að styrkja þróun nýrrar orkutækni.
- c) Stuðningsúrræðum verði fjölgað. Fjölga þarf stórlega stuðningsúrræðum á frumstigum nýsköpunar. Oft er það að ekki þarf mikið fé til að létta undir nýrri hugmynd að t.d. stofnun smáfyrirtækis um nýjan handiðnað, tölvuleik eða annað sem fljótlega gæti skilað arðbærum rekstri. Úrræði á byrjunarstigum eru of fábreytt og kröfur eru of miklar um mótframlag eða viðskiptaáætlun og aðra skrifinnsku. Rétt væri að skipa starfshóp til að móta tillögur í þessu efni, með virkri aðkomu SFH og KVENN.
- d) Ráðgjöf verði stórauðin. Tryggður verði aðgangur frumkvöðla að víðtækri ráðgjöf varðandi einkaleyfi og vernd hugverkaréttar, samhliða annarri frumkvöðlaráðgjöf. Þessa ráðgjöf þarf að veita án endurgjalds, a.m.k. á fyrstu stigum. Gæti fallið vel að jafningjaráðgjöf SFH og KVENN, en til þess þurfa stjórnvöld að viðurkenna og styðja starf félaganna.
- e) Mismunun og fordómum verði útrýmt. Átak verði gert til að útrýma hverskonar mismunun í stuðningsumhverfinu. Kröfur um aðkomu sérfræðinga og háskólamenntunar að verkefnum verði því aðeins gerðar að fyrir þeim séu ótvíræðar og málefnalegar þarfir til að tryggja árangur verkefnisins. Til að auka breidd og þekkingu þurfa stjórnvöld að gæta þess við skipan í nefndir, stjórnir, starfshópa og ráð á sviði nýsköpunar að velja ekki síður frumkvöðla með verkefnareynslu en háskólamenntað fólk.

- f) Úrræði vegna flutningskostnaðar. Stjórnvöld hugi að stofnun stuðningsúrræðis sem veiti styrki til niðurgreiðslu flutningskostnaðar; bæði innan- sem utanlands. Kostnaður af því tagi er byrjendum í nýsköpun oft þungur í skauti.
- g) Umsóknarferli verði einfölduð og aðstoð aukin við umsækjendur. Umsóknareyðublöð og skýrslukröfur vegna umsókna er þrándur í götu margra sem vilja sækja um stuðning við frumkvöðlaverkefni. Þörf er á mikilli einföldun umsóknarferla og betra aðgengi að stuðningi. Einnig er brýn þörf á úrræði til stuðnings og ráðgjafar við styrkumsækjendur. Eins og áður segir er Nýsköpunarmiðstöð Íslands ónothæf og getur ekki talist óvilhallur ráðgjafi meðan hún fær að keppa við skjólstæðinga sína um styrki samkeppnissjóða. Fær leið í þessu efni væri að efla starf og jafningjafræðslu SFH og KVENN, og gera þeim fjárhagslega kleift að halda úti ráðgjöf í þessu skyni.
- h) Jöfnun aðstöðumunar landsbyggðarfólks. Fundin verði úrræði til að jafna aðstöðumun frumkvöðla og hugvitsfólks á landsbyggðinni. Staðan í þeim málum er í dag algerlega óviðunandi. Allar stofnanir frumkvöðlaumhverfisins hafa verið byggðar upp á höfuðborgarsvæðinu, s.s. Nýsköpunarmiðstöð, samkeppnissjóðir, einkaleyfastofa o.fl. Einnig eru þar allar stjórnvaldsstofnanir og leyfaveitendur. Allt skapar þetta ójöfnuð í aðstöðu. Úrræði í þessu efni gætu t.d. verið ferða- og flutningsstyrkir eða möguleikar á endurgreiðslu kostnaðar.
- i) Frumkvöðlamiðstöðvar verði stofnaðar. Gerð verði áætlun um stofnun og starfrækslu frumkvöðlamiðstöðva víða um land, þar sem frumkvöðlum býðst aðstaða gegn hóflegri leigu til að vinna að verkefnum sínum. Miðstöðvarnar verði vel búnar tækjum og í þeim verði starfandi leiðbeinendur. (Sjá 1.g).
- j) Hugmyndastofa. Skoðaðir verði möguleikar þess að koma á fót „hugmyndastofu“; vettvangi þar sem frumkvöðlar geta komið saman; skipst á hugmyndum og reynslu og unnið að mótun og framgangi hugmynda sem síðar kunna að verða að vænlegu nýsköpunarverkefni.
- k) Stuðningur við kynningar frumkvöðla og verkefna. Stuðningur verði stórauðinn við kynningar á verkefnum frumkvöðla og hugvitsfólks, m.a. með sýningarhaldi hérlendis og með því að gera frumkvöðlum kleyft að sækja sýningar og ráðstefnur erlendis. Sýningar og kynningar á starfi og verkefnum frumkvöðla eru mjög áhugahvetjandi, og mikilvægar til kynningar og markaðssetningar á nýsköpun. Sama er að segja um aðrar kynningar á íslensku hugviti; t.d. ferðir á sýningar erlendis og kynningar í fjölmiðlum. Má segja að ein manneskja hafi staðið undir þessu öllu á eigin vegum og án nokkurs þakklætis eða umbunar frá stjórnvöldum. Þessi eldhugi er Elinóra Inga Sigurðardóttir, sem í mörg ár sá um kynningar á verkefnum frumkvöðla í þætti sínum Frumkvöðlar á sjónvarpsstöðinni ÍNN. Hún hefur staðið fyrir sýningum hugvitsmanna hérlendis og farið með hópa frumkvöðla á sýningar erlendis; þar sem mörg verkefni hafa fengið verðlaun og mikla kynningu. Elinóra situr í stjórn EUWIIN (Evrópusamtaka hugvitskvenna); hún situr fyrir Íslands hönd í stjórn IFIA; (Alþjóðasamtaka hugvitsfélaga); í stjórn SFH frá upphafi og stofnaði KVENN; Félag kvenna í nýsköpun til að örva áhuga kvenna á því sviði. Fálæti stjórnvalda í garð Elinóru og hennar mikla starfs sýnir betur en margt annað hve tal þeirra um „nýtingu hugvits og framtaks frumkvöðla“ er í raun innantómt. Efling þessa þáttar er mikilvæg undirstaða nýsköpunar.

- l) Skilgreiningar verði skerptar. Víða í lagasetningu og reglum á sviði vísinda og nýsköpunar eru hugtök og heiti notuð án nokkurra skilgreininga; þrátt fyrir að merking þeirra sé ekki sú sama í hugum allra. Nýlegt dæmi af þessu tagi er fyrirbyggjandi frumvarp að lögum um „vandaða starfshætti í vísindum“, sem virðist sniðið að þörfum háskóla- og stofnanasamfélagsins. Þar er frjállega farið með hugtakanotkun. Háskólasamfélagið hefur komist upp með það um nokkuð skeið að „einoka“ heitin „vísindi“ og „vísindamaður“. Hið rétta er, eins og fram kemur bæði í orðabókum og á vísindavef HÍ, að vísindi eru „athuganir gerðar á kerfisbundinn hlutlausan raunsæjan hátt til að afla sannrar þekkingar“ (Orðab.Menningarsj.) Því eru hugvitsmenn og -konur ekki síður vísindamenn en þeir sem lifa í eða koma úr háskólasamfélaginu. Enn meiri óvissa er um orðið „nýsköpun“, sem sífellt fær víðari merkingu, og orðið „frumkvöðull“. Það síðarnefnda er oft ranglega notað um þann sem á ensku nefnist „entrepreneur“, en ætti einvörðungu að notast um þann sem á ensku nefnist „innovator“. Þá er heitið „skapandi greinar“ afskaplega villandi þýðing á „creative industries“, um listsköpun, sem heiti á listsköpun eingöngu. Starfsemi hugvitsmannsins er ekki síður skapandi en starf listamannsins. Nauðsynlegt er að þess sé gætt, bæði í lagasetningu Alþingis og við aðra reglusetningu og nafngiftir, að skilgreining og notkun heita sé rétt. Sé merkingin óljós þurfa skilgreiningar að fylgja.
- m) Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna. Íslensk stjórnvöld hafa heitið því að vinna samkvæmt heimsmarkmiðum Sp, að því marki sem þau eiga hér við. Nýlega kom út skýrsla um framkvæmd þeirra hérlendis. Þar er ýmislegt beinlínis rangt; ekki síst varðandi markmið nr 9, sem nefnist „ nýsköpun og uppbygging“. Í skýrslu íslenskra stjórnvalda er látið sem hér sé allt slétt og fellt í nýsköpunarumhverfinu, meðan staðreyndin er sú sem í þessari skýrslu má sjá. Engum er til góðs að draga upp slíkar glansmyndir af ástandi sem þarfnast úrbóta. Stjórnvöld hafa í framkvæmd þessara heimsmarkmiða sem öðru sniðgengið hagsmunasamtök frumkvöðla og hugvitsfólks. Úr því þarf að bæta.

4. Úrræði á valdsviði eftirlitsstofnana:

- a) Samkeppniseftirlitið taki þegar til rannsóknar styrkveitingar samkeppnissjóða til stofnana sem njóta framlaga af fjárlögum, s.s. Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands og Matís. Styrkveitingar þessar skekkja alla eðlilega samkeppnisaðstöðu og hindra eðlilegan framgang nýsköpunar, auk þess að vera í andstöðu við öll markmið um heiðarleika í samkeppni og viðskiptum.
- b) Ríkisendurskoðun taki til heildstæðrar rannsóknar útgjöld ríkissjóðs til nýsköpunarmála, í því augnmiði annarsvegar að greina skilvirkni stofnana og hinsvegar að greina það siðferði útgjaldanna sem miðar að fjársveldi lýðræðislegra hagsmunasamtaka einstaklinga í frumkvöðlastarfi.
- c) Umboðsmaður Alþingis taki upp frumkvæðisrannsókn á þeim atriðum sem fram koma í þessari skýrslu, einkum varðandi sniðgöngu stjórnvalda á hagsmunasamtökum hugvitsfólks og frumkvöðla
- d) Erlendar eftirlitsstofnanir. SFH munu, í ljósi viðbragða opinberra aðila við þessari skýrslu, skoða hvort rétt sé að gera erlendum eftirlitsstofnunum viðvart, s.s. Greco; alþjóðlegri samstarfsnefnd gegn spillingu.

- e) Fjölmiðlar hafa mikilvægu hlutverki að gegna sem aðhald að stjórnvöldum. Fjölmiðlum ber að „stinga á meinum samfélagsins“; þ.e. fjalla um það sem miður fer í stjórnun og samfélagsmálum og unnt er að bæta úr. Fjölmiðlar hafa sofið á verðinum um þau samfélagsmein sem hér hafa verið nefnd. Nokkrum sinnum hafa forsvarsmenn félaganna beint erindum til fjölmiðla en án verulegra viðbragða og árangurs. Svo virðist að fjölmiðlar kjósi fremur að sýna þær glansmyndir sem ráðandi aðilum hentar að teikna upp en þær misfellur sem verða á þeirra framgöngu og ákvörðunum. Rannsóknarblaðamennska er vinsæl í dag, en hún beinist fremur að samkeppni fjölmiðla um hryllingssögur úr velferðarsamfélaginu en misfellum í nýsköpunarumhverfinu og öðrum kerfisgöllum. Vænst er virks aðhalds fjölmiðla með stuðningsumhverfi nýsköpunar og ákvörðunum löggjafans á því sviði.

Hér hefur í stuttu máli verið leitast við að gera grein fyrir nokkrum af þeim göllum sem hrjá íslenskt nýsköpunarumhverfi; einkum á fyrri stigum nýsköpunar, og hafa án nokkurs vafa orðið til þess að mikilvæg tækifæri hafa tapast til verðmætasköpunar. Sumir þessir gallar eru þess eðlis að einungis þarf breytingar á viðhorfum eða vinnulagi, en í öðrum er lagabreytinga þörf. Þegar öllu er á botninn hvolft er þó einkum þörf á einu úrræði; sem er viðhorfsbreyting í efstu lögum stjórnunar nýsköpunarmála.

Það er á ábyrgð Alþingis að hafa forgöngu um úrbætur. Alþingi mótar meginstefnu nýsköpunar og framkvæmdavaldið starfar í skjóli Alþingis. Því er þessum úrbótatillögum fyrst og fremst beint til Alþingis og vænst árangursríkra viðbragða þess. Mikilvægt er að Alþingi sýni sjálfstæði og frumkvæði í þeim úrbótum sem hér þarf; en lúti ekki alfarið vilja og óskum framkvæmdavalds og „stuðningsumhverfis“ varðandi atriði sem breyta þarf og athugasemdir sem að þeim snúa.

SFH munu fljótlega óska eftir fundum með nefndum Alþingis til að fylgja tillögum sínum eftir og inna eftir afstöðu stjórnvalda til áframhaldandi starfs samtakanna. M.a. þarf að fá úr því skorið hvort stjórnvöld hyggist svelta samtökin til dauðs, eins og nú stefnir í, eða nýta margháttað starf þeirra í grasrót nýsköpunar.

f.h. stjórnar SFH



Valdimar Össurásson, formaður SFH